

SVERRIR THORSTENSEN
ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON

FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN
Í NAUSTAFLÓA
VORIÐ 2008

KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI
UMHVERFISNEFNDAR AKUREYRAR



Hundatjörn að haustlagi. Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 07.10.2007

AKUREYRI DESEMBER 2008

EFNISYFIRLIT:

1	INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS	2
2	TALNINGARADFERÐIR	2
3	FUGLATAL	3
4	UMRÆÐA	5
5	ÞAKKIR	6
6	HEIMILDIR	6

1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Vorið 2008 töldum við fugla við Hundatjörn í Naustaflóa að beiðni umhverfisnefndar Akureyrar vegna þátttöku bæjarins í fjölþjóða verkefni um líffræðilega fjölbreytni. Tjörnin var ræst fram á árabílinu 1940-1945 (Anton Jónsson, munnl uppl) en hefur nú verið endurheimt að mestu. Bærinn lét setja upp vandað fuglaskoðunarskýli vestan tjarnarinnar og var það tilbúið til notkunar vorið 2007 (1. mynd). Í skýlinu er veggmynd af öllum þeim tegundum fugla sem menn geta átt von á að sjá á svæðinu.

Talningarsvæðið afmarkast af göngustíg að austan og sunnan og skógarjaðri að vestan og norðan. Stærð svæðisins er 0,01 km² (1 ha). Mýrlendi liggur að Hundatjörn á alla vegu. Norðan tjarnarinnar er stíflugarður frá vestri til austurs og er honum ætlað að hindra streymi vatns út af svæðinu. Í vesturjaðri mýrarinnar er skurður sem veitir lækjarvatni til suðurs. Tjörnin skiptist nú í tvo hluta og er sá ytri mun stærri. Gróðurinn umhverfis býður upp á góða varpstaði fyrir ýmsar tegundir fugla t.d. hettumáf. Greinilegt var að vatn nær að renna norður úr mýrinni og þarf því að gera þar lagfæringar til að halda betur vatni í tjörninni.



1. mynd. Fuglaskoðunarskýlið við Hundatjörn. Ljósm. Sverrir Thorstensen 05.05.07

2 TALNINGARAÐFERÐIR

Fuglar voru taldir úr skýlinu 15. maí. Farið var aftur á svæðið 18. maí og var byrjað á því að skrá alla fugla sem sást úr skýlinu. Hettumáfar á hreiðrum voru taldir sérstaklega. Svæðið var síðan gengið skipulega með aðstoð þriggja talningarmanna og allir fuglar sem sást merktir inn á kort. Reynt var að meta hvort fuglarnir sýndu óðalsatferli (t.d. hneggjandi hrossagaukar eða syngjandi þúfutittlingar). Varp var almennt ekki byrjað, aðeins fundust hreiður grágæsar og hettumáfs.

3 FUGLATAL

Alls sást 12 tegundir fugla á talningarsvæðinu eða í jöðrum þess. Níu þeirra eru nokkuð öruggir varpfuglar í mýrinni eða við tjörnina, en 3 tegundir verpa fast við mýrina í skógarreitum og leita ætis í mýrinni eða fara þangað með unga sína. Heildarfjöldi varppara er um 50 og þar af eru 30 hettumáfspör. Eftirtaldir fuglar sást á svæðinu:

Grágæs *Anser anser*

Eitt par var með hreiður milli tjarnanna. Engin egg voru í hreiðrinu, en dúnmagn bendir til þess að orpið hafi verið í það. Parið hélt til við hreiðrið. Fjöldi varppara var 1.

Rauðhöfðaönd *Anas penelope*

Flestar rauðhöfðaendurnar voru á ytri tjörninni; par og 2 stakir steggir. Stök kolla flaug upp úr mýrinni sunnarlega. Hugsanlegt er að rauðhöfðarnir verpi í skógarreitnum en leiti síðar inn á svæðið með unga sína. Fjöldi steggja er notaður til að meta fjölda varppara. Fjöldi varppara var 3.

Urtönd *Anas crecca*

Eitt par og einn stakur steggur voru á ytri tjörninni. Maki hans gæti hafa verið á hreiðri í nágrenninu. Fjöldi varppara var 2.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*

Þrjú stökkandarpör voru á tjörnunum. Einn stakur kvenfugl fór út á skurðinn vestan mýrarinnar og gæti hann hafa komið af hreiðri. Það sama gildir um stökkönd og rauðhöfða um val á varpstöðum, hluti þeirra verpur líklega í þurrlendinu í jaðri mýrarinnar eða milli trjána. Fjöldi varppara var 4.

Rjúpa *Lagopus mutus*

Tveir karrar með óðalsatferli, annar hélt til við fuglahúsið, en hinn við skurðinn sunnan hússins. Kvenfugl flaug upp skammt norðan við tjörnina. Ytri karlfuglinn flaug til hennar. Fjöldi varppara var 2.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Tveir hrossagaukar voru á hneggjandi biðilsflugi yfir mýrinni. Á tveimur stöðum flugu 2 fuglar upp saman og þar að auki 12 stakir fuglar þegar gengið var um mýrina en ekkert hreiður fannst. Líklegast er að hluti þessara fugla hafi verið þarna í ætisleit, varppörin eru örugglega ekki svona mörg. Lang flestir hrossagaukanna héldu til á og við stífluna nyrst. Fjöldi varppara var að lágmarki 4.

Jaðrakan *Limosa limosa*

Eitt óðalsbundið par hélt sig staðfastlega rétt sunnan tjarnanna. Einn stakur fugl var norðan við tjarnirnar. Fjöldi varppara var 1-2.

Stelkur *Tringa totanus*

Stakir fuglar á 2 stöðum sýndu óðalsatferli. Fjöldi varppara var 2.

Hettumáfur *Larus ridibundus*

Í fyrri talningu (15.5.) sást 21 hettumáfur á hreiðri, flestir við syðri tjörnina. Í seinni talningu (18.5.) voru alls 30 hettumáfar á hreiðri, 20 þeirra við syðri tjörnina og 10 við þá ytri (2. mynd). Hettumáfar hafa verið taldir við Hundatjörn reglulega á 5 ára fresti síðan 1990. Fjöldi varppara hefur verið sem hér segir: 7 pör 1990, 31 par 1995, 16 pör 2000 og 45 pör 2005 (Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2005 og óbirtar athuganir). Eins og sést á þessu hefur verið töluverð sveifla í fjölda hettumáfa við Hundatjörn síðan 1990. Hettumáfar eru þekktir fyrir að vera ekki fastheldnir á varpstaði, varpstaðir geta lagst af tímabundið og aðrir komið í staðinn. Talningar frá 1990 hafa sýnt að hettumáfum hefur fækkað um 37% í Eyjafirði í heild, úr 1709 pörum árið 1990 í 1085 pör árið 2005. Hettumáfar verja varpstaði sína af mikilli hörku og það leiðir til þess að aðrar tegundir fugla, t.d. endur og vaðfuglar, sækja í að verpa nálægt þeim. Stöðugt hettumáfsvarp getur því stuðlað að aukinni fjölbreytni og meiri fjölda annarra varpfugla (sjá t.d. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2001). Fjöldi varppara var 30.

Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*)

Fimm þúfutittlingar flugu upp úr mýrinni eða úr jaðri hennar. Fjöldi varppara miðast venjulega við fjölda fugla á söngflugi. Tveir fuglanna sýndu slíkt óðalsatferli. Fjöldi varppara var 2.

Skógarpröstur (*Turdus iliacus*)

Engir skógarþrestir sáust í mýrinni en syngjandi fuglar voru á 2 stöðum í jaðrinum. Annars vegar í lerkireitnum suður af fuglaskoðunarskýlinu og hins vegar bak við skýlið. Þrestirnir sækja væntanlega fæðu í mýrina en ólíklegt er að þeir verpi þar.

Auðnutittlingur (*Carduelis flammea*)

Eitt par var með óðalsatferli í lerkitrjánum suður af skýlinu. Fullorðnir auðnutittlingar eru frætur að mestu en þeir fóðra unga sína á lirfum og mýflugum sem þeir geta sótt í mýrina. Ólíklegt er að þeir verpi í mýrinni enda gera þeir sér ávallt hreiður í trjám (Ævar Petersen 1998).



2. mynd. Hettumáfar á hreiðrum við Hundatjörn. Ljós. Sverrir Thorstensen 18.05.08

Meðan á talningu stóð þann 18.5. heyrðum við í spóa *Numenius phaeopus*, heiðlóu *Pluvialis apricaria*, músarrindli *Troglodytes troglodytes* og glókolli *Regulus regulus* og líklegt er að einhverjir þeirra gætu orpið í nágrenni mýrarinnar.

4 UMRÆÐA

Hundatjörn og mýrin umhverfis býður upp á nokkuð fjölbreytt fuglalíf. Gera má ráð fyrir því að auk þeirra tegunda sem sáust nú gætu óðinshana *Phalaropus lobatus* og lóuprælar *Calidris alpina* orpið á svæðinu. Óðinshana voru líkast til ekki komnir til landsins þegar við töldum og lóupræll er ekki algengur varpfugl í Eyjafirði (sjá m.a. Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 1999, 2003 og Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2001).

Talningin að þessu sinni var þeim annmörkum háð að athugendur voru uppteknir við talningu fugla í Krossanesborgum og ekki gafst tími til að endurtaka talningu í byrjun júní eins og æskilegast hefði verið. Mat á fjölda varppara sumra tegundanna er því ekki nákvæmt. Af þessum sökum mælum við með því að talningin verði endurtekin vorið 2009 til þess að nákvæmari tölur fáiast um fjölda varpfugla við Hundatjörn í Naustafloa.

5 ÞAKKIR

Anna Guðmundsdóttir, Jón Magnússon og Þórey Ketilsdóttir aðstoðuðu við talningar. Ævar Petersen las skýrsluna yfir í handriti og færði til betri vegar. Er þeim öllum þakkað fyrir hjálpin.

6 HEIMILDIR:

Anton Jónsson 2008. Munnlegar upplýsingar.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 1999. Fuglalíf Krossanesborga sumarið 1998. Umhverfisnefnd Akureyrar. 13 bls. + 6 kort.

Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2003. Fuglalíf Krossanesborga sumarið 2003. Náttúruverndarnefnd Akureyrar. 14 bls. + 7 kort.

Ævar Petersen 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell, Reykjavík. 312 bls.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. Hettumáfsvörp í Eyjafirði 1990. Bliki 13, 45-59.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2001. Fuglalíf í óshólmum Eyjafjarðarár. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-01013. Unnið fyrir umhverfisnefnd Akureyrar. 68 bls.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 2005. Vöktun hettumáfs í Eyjafirði 1995 – 2000. Náttúrufræðingurinn 73 (1-2): 39-46.

Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen. Óbirt gögn frá 2005.